

Reykjavík, 30. mars 2020

Efni: Niðurstaða gæðaeftirlits

Í samræmi við ákvæði VII. kafla laga nr. 79/2008, um endurskoðendur, sættir þú gæðaeftirliti 2019 sem lauk með skýrslu gæðaeftirlitsmanna.

Gæðaeftirlitið hefur það markmið að ganga úr skugga um að endurskoðendur hlíti ákvæðum laga um endurskoðendur og skiptist það í fimm hluta. Fyrsti hluti snýr að því að kanna hvort endurskoðendur uppfylli skilyrði í II. kafla laganna um réttindi endurskoðenda. Annar hluti fjallar um athugun á því hvort tekið hafi verið upp gæðakerfi, sbr. 4. mgr. 3. gr. laganna. Þriðji hluti gæðaeftirlitsins beinist að því hvort endurskoðendur fari að bráðabirgðaákvæði II um góða endurskoðunarvenju við framkvæmd endurskoðunar skv. 9. gr. laganna. Fjórði hluti gæðaeftirlitsins beinist að einingum tengdum almannahagsmunum og fimmti hluti eftirlitsins beinist að aðgerðum gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

Gæðaeftirlitið fór fram þann 24. október 2019 samkvæmt reglum nr. 712/2015, um framkvæmd gæðaeftirlits með störfum endurskoðenda, með síðari breytingum.

Gæðaeftirlitsmenn gerðu fjölda ábendinga/athugasemda við vinnu þína vegna þess verkefnis sem farið var yfir í gæðaeftirliti 2019. Í bréfi endurskoðendaráðs til þín, dags. 19. desember 2019, kom fram að endurskoðendaráð hafi farið yfir skýrslu gæðaeftirlitsmanna og voru í bréfinu tilgreindar þær ábendingar/athugasemdir sem ráðið taldi að gera þyrfti hjá þér í gæðaeftirliti 2019.

Einnig kom fram í bréfinu að vegna þess fjölda ábendinga/athugasemda sem gerðar hafi verið teldi endurskoðendaráð að til greina kæmi að veita þér áminningu á grundvelli 2. mgr. 17. gr. laga um endurskoðendur nr. 79/2008 og að boða þig í endurtekið eftirlit árið 2020.

Þá var bent á niðurstöðu endurskoðunarfyrirtækis þíns í gæðaeftirliti árið 2013 og að í engu hafi verið bætt úr þeim athugasemdum sem þar hafi verið gerðar. Á grundvelli framangreinds var þér veittur andmælaréttur samkvæmt 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 áður en endanleg ákvörðun yrði tekin í málinu.

Endurskoðendaráði bárust andmæli þín þann 8. janúar 2020. Ráðið hefur farið yfir andmælin og jafnframt leitað skýringa gæðaeftirlitsmanna vegna þeirra. Var það niðurstaða ráðsins að fella mætti niður eina ábendingu og eina athugasemd varðandi skráningu á þekkingu á félaginu.

Er það niðurstaða endurskoðendaráðs að gera þurfi eftirfarandi ábendingar/athugasemdir hjá þér í gæðaeftirliti 2019.

Ábendingar

Bent er á að engin formleg skráning er vegna afstemmingar á reikningsskilum við aðalbók eða yfirferð á lokafærslum.

Bent er á að mikilvægt er að skrá með betri hætti hvernig handbært fé er staðfest til dæmis með skráningu á dagsetningu skoðunar, með hverjum þetta er skoðað og skjáskot úr heimabanka.

Bent er á að atburðir eftir reikningsskiladag eru ræddir við stjórnendur og að vissu leyti skráðir í lokafundargerð en ekki frekar skjalaðir. Því er ekki mætt þeim kröfum sem fram koma í ISA 560.

Athugasemdir

Gerð er alvarleg athugasemd við að ekki sé til staðar formlegt gæðakerfi sem m.a. tekur á siðareglum, samþykki nýrra og áframhaldandi verkefna og viðskiptasambands, gæðamat verkefna, vöktun og skráningu, að kerfið sé skjalað og hægt sé að sýna fram á virkni þess.

Gerð er athugasemd við að engar reglur og fyrirmæli eru til staðar til að tryggja með hæfilegri vissu að verkefni séu leyst í samræmi við lög og reglur og faglega staðla, sbr. ISQC 1 32-22. gr. Að hluta til er notast við Descartes endurskoðunarforritið og stöku sínum er notast við sænskan gátlista við reikningsskil.

Gerð er athugasemd við að í ráðningarbréfi er ekki vísað til ábyrgðar endurskoðanda. Jafnframt vantar tilvísun í áætlað form áritunar.

Gerð er athugasemd við að vinna við áhættumat er varðar fyrirspurnir til stjórnenda, greiningaraðgerðir sem og öflun annarra gagna er gerð með skoðun og samtali en ekki skjöluð og því var ekki mögulegt að skoða þessa liði við framkvæmd gæðaeftirlits.

Gerð er athugasemd við að áhættumat er ekki unnið niður á staðhæfingarstig, því var ekki hægt að skoða áhættur í endurskoðunarmöppu í gæðaeftirlitinu.

Gerð er athugasemd við að mat á rekstrarhæfi við upphafsskoðun á reikningsskilum er ekki skjalað sérstaklega.

Gerð er athugasemd við að ekki eru reiknuð mikilvægismörk við endurskoðunina.

Gerð er athugasemd við að ekki sé til staðar skráning á endurskoðunaráætlun eða endurskoðunarfyrirmælum fyrir endurskoðunarverkefnið.

Gerð er athugasemd við að endurskoðunarmappa verkefnisins sem var til skoðunar innihélt engin endurskoðunargögn vegna verk- og efnisbirgða sem stutt gætu við hvernig þessi liður hefði verið skoðaður með gagnaendurskoðun. Eingöngu var til staðar uppgjörsskjal frá 30.06.19.

Gerð er athugasemd við að gagnagreiningaraðgerðir eru gerðar með skoðun á uppgjörinu á óformlegan máta og því ekki unnt að skoða nein undirliggjandi gögn í gæðæftirlitinu.

Gerð er athugasemd við að ekki séu til staðar gögn sem sýna fram á hvernig endurskoðandinn mat rekstrarhæfi félagsins við lok endurskoðunar eða staðfesti að ársreikningur væri í samræmi við settar reikningsskilareglur.

Gerð er athugasemd við að lokagreining á reikningsskilum er gerð með skoðun á reikningsskilunum en ekki skjöluð sérstaklega. Því var ekki hægt að skoða neitt við framkvæmd gæðæftirlitsins.

Gerð er athugasemd við að ekki er til staðar sérstakt staðfestingarbréf stjórnenda heldur er til staðar fundargerð frá fundi með stjórnendum við lok endurskoðunar þar sem niðurstaða endurskoðunar er rædd og fyrirhuguð áritun er yfirfarin. Sú fundargerð er síðan undirrituð af viðskiptavinum og endurskoðanda áður en ársreikningur félagsins er undirritaður. Fundargerðin mætir ekki nema að litlu leyti þeim kröfum sem gerðar er til staðfestingarbréfs í samræmi við ISA staðla.

Gerð er athugasemd við að áritun er ekki í samræmi við viðtekna venju og alþjóðlega endurskoðunarstaðla.

Gerð er athugasemd við að ekki er hægt að sjá af gögnum endurskoðanda að frágangur og varðveisla endurskoðunargagna sé í samræmi við ákvæði ISA.

Fyrir liggur að endurskoðendaráð gerir töluverðar athugasemdir og ábendingar við vinnu þína við það verkefni sem skoðað var í gæðæftirliti 2019. Ráðið telur því að ástæða sé til þess að beita þig viðurlögum samkvæmt 2. mgr. 48. gr. laga nr. 94/2019, um endurskoðendur og endurskoðun, vegna niðurstöðu í gæðæftirliti 2019. Er það því niðurstaða endurskoðendaráðs að veita þér áminningu samkvæmt 2. mgr. 48. gr. laga nr. 94/2019.

Endurskoðendaráð gerir kröfu um að þú bætir úr þeim athugasemdum og ábendingum sem gerðar voru hjá þér í gæðæftirliti 2019. Til að sannreyna það hefur ráðið ákveðið að þér verði gert að sæta endurteknu gæðæftirliti árið 2020. Hafi þá ekki verið bætt úr framangreindum annmörkum mátt þú búast við að endurskoðendaráð grípi til frekari aðgerða. Er gæðæftirliti 2019 þar með lokið hjá þér.